

VIDAUKI I
Um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúans
í Sveitarfélaginu Vogum.

1. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Sveitarfélaginu Vogum fer með verkefni sem mælt er fyrir um í lögum nr. 160/2010 um mannvirki, með síðari breytingum og ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Jafnframt afgreiðir hann mál, sbr. heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem talin eru upp í 2. gr. með þeim takmörkunum sem fram koma í 3. gr.

Um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

Um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa gilda einnig ákvæði samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Voga.

2. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að afgreiða auglýstar eða grenndarkynntar deili-skipulagstillögur sem engar athugasemdir berast við til Skipulagsstofnunar og auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. másl. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nema umhverfis- og skipulagsnefnd ákveði annað þegar samþykkt er að auglýsa tillögurnar.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að gefa út framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga sem eru í samræmi við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að skipta jörðum, löndum og lóðum og breyta landamerkjum án staðfestingar umhverfis- og skipulagsnefndar, sbr. 48. gr. skipulagslaga.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að gefa út byggingar- eða framkvæmdaleyfi vegna leyfisumsókna sem hafa verið grenndarkynntar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og engar athugasemdir berast við eða þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við hina leyfiskyldu framkvæmd.

3. gr.

Undanskilin frá afgreiðslum skv. 1. gr. eru almennir byggingarskilmálar sem umhverfis- og skipulagsnefnd setur og nafngiftir á hverfum, götum og torgum sem bæjarstjórn ákveður að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagsnefndar.

4. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 1. og 2. gr. til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsnefndar, sérstaklega ef ætla má að aðili muni ekki vilja sæta niðurstöðu hans.

5. gr.

Afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa skv. 1. og 2. gr. skulu fara fram á formlegum afgreiðslufundum og skal ritari halda fundargerðir yfir afgreiðslur hans sem lagðar verða fram á næsta reglulega fundi bæjarráðs til kynningar. Í fundargerðunum skal koma fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá skipulags- og byggingarfulltrúa. Í fundargerð bæjarráðs skal koma fram að fundargerðin hafi verið lögð fram. Skal fundargerðin varðveitt undirrituð af skipulags- og byggingarfulltrúa.

6. gr.

Eftir að skipulags- og byggingarfulltrúi hefur afgreitt mál skal hann tilkynna málsaðila formlega um ákvörðun sína. Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju innan þriggja mánaða ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef aðstæður hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

7. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu skipulags- og byggingarfulltrúa, er honum heimilt að skjóta afgreiðslu hans til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 59. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki. Skal aðilum leiðbeint um kærufrest þegar um kæránlega ákvörðun er að ræða.

23/5'18
ST.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Voga nr. 925/2013.

1. gr.

Við samþykktina bætist viðauki um fullnaðarafgreiðslu skipulags- og byggingarfulltrúans í Sveitarfélaginu Vogum í samræmi við heimildir í 52. gr. samþykktarinnar, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðaukinn er birtur með samþykkt þessari.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 23. maí 2018.

F. h. r.


Hermann Sæmundsson


Stefanía Traustadóttir